

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka C við tilskipun 92/51/EBE:

Í „5. Nám í Breska konungsríkinu sem er viðurkennt sem „National Vocational Qualifications or Scottish Vocational Qualifications“,“ falla eftirfarandi undirliðir brott:

- „– vísindalega aðstoðarmenn við læknarannsóknarstofur (Medical Laboratory Scientific Officer),
- tilsjónarmenn (Probation Officer),
- gervilimasmiði (Prosthetist),“.

AUGLÝSING

um opinber störf sem eru ósamrýmanleg handhöfn lögmansréttinda.

1. gr.

Hér með er ákveðið í samræmi við 1. mgr. 15. gr. laga um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998, að störf við dómstóla teljist ósamrýmanleg handhöfn lögmansréttinda.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um málflytjendastörf manna í opinberu starfi, nr. 32 10. febrúar 1971, með síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjúpings um leikmannastefnu.

**„STARFSREGLUR
um leikmannastefnu.**

Leikmannastefna.

1. gr.

Biskup Íslands boðar til leikmannastefnu. Leikmannastefnu skal að jafnaði halda í marsmánuði ár hvert.

Tilgangur leikmannastefnu.

2. gr.

Tilgangur leikmannastefnu er:

- að efla þátttöku óvígðra manna í starfi kirkjunnar
- að gera tillögur til biskups Íslands, kirkjúpings, prófastafunda og héraðsfunda
- að fjalla um mál sem vísað er til leikmannastefnu.

Fulltrúar á leikmannastefnu.**3. gr.**

Fulltrúar á leikmannastefnu eru:

- biskup Íslands eða fulltrúi hans
- tveir fulltrúar fyrir hvert prófastsdæmi sem kjörnir eru á héraðsfundum til fjögurra ára í senn
- einn fulltrúi frá hverjum landssamtökum kristilegra félaga sem starfa á kenningargrundvelli þjóðkirkjunnar og í samstarfi við hana
- leikmenn á kirkjupingi
- leikmenn í kirkjuráði
- biskupsritari sem er ritari leikmannastefnu
- fræðslustjóri þjóðkirkjunnar
- fastir kennarar við guðfræðideild Háskóla Íslands, sem ekki eru guðfræðingar.

Landssamtök leikmanna sem starfa innan þjóðkirkjunnar (s.s. kirkjukórasamband, félag organista, kirkjuvarða, meðhjálpara, barna- og unglingastarfsmanna) geta sótt um að eiga einn áheyrnarfulltrúa (hvert) á leikmannastefnu með málfrelsi og tillögurétt.

Biskupsritari og fræðslustjóri þjóðkirkjunnar hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt á leikmannastefnu.

Leikmannaráð getur boðið öðrum samtökum og stofnunum að senda áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á leikmannastefnu.

Leikmannaráð.**4. gr.**

Leikmannastefna kýs úr hópi fullgildra fulltrúa þrjá aðila til fjögurra ára er mynda leikmannaráð og jafnmarga til vara. Formaður leikmannaráðs sér um framkvæmd leikmannastefnu í samráði við biskup og er fulltrúi hennar milli stefna. Hlutverk leikmannaráðs er að sjá um framkvæmd leikmannastefnu í samráði við biskup og vera fulltrúi hennar á milli stefna. Ritari leikmannaráðs færir allar samþykktir og gerðir leikmannaráðs til bókar í tölusetta fundargerðabók.

Til leikmannastefnu skal boða bréflega með tveggja mánaða fyrirvara og jafnframt lýsa eftir þeim málum og tillögum, sem óskað er eftir að leikmannastefnan fjalli um.

Mál, sem taka skal fyrir, skulu að jafnaði berast eigi síðar en tveimur vikum fyrir fyrsta fundardag. Dagskrá skal senda eigi síðar en viku fyrir leikmannastefnu til allra sem rétt hafa til setu.

Fjármál.**5. gr.**

Leikmannastefna og leikmannaráð hefur sérstakan fjárhag.

Leikmannaráð skal vinna að undirbúningi fjárlagatillagna um rekstur leikmannastefnu og leikmannaráðs í samvinnu við fjármálafulltrúa þjóðkirkjunnar. Tillögum til fjárlaga skal skila til Hagsýslustofnunar ásamt öðrum tillögum til fjárlaga frá biskupsstofu.

Ferðakostnaður einstakra fulltrúa prófastsdæmanna greiðist af héraðssjóðum, þannig að heildarkostnaður er lagður saman og deilt í með fjölda fulltrúa þannig að allir héraðssjóðir bera sama kostnað á hvern fulltrúa.

Kirkjuráð ber kostnað af setu kirkjuráðsmanna og biskupsstofa kostnað af setu biskups, biskupsritara og fræðslustjóra þjóðkirkjunnar.

Samtök sem senda fulltrúa eða áheyrnarfulltrúa, bera kostnað af þátttöku þeirra nema leikmannaráð ákveði annað.

Reikningsár er almanaksár.

Reikningar síðasta árs, endurskoðaðir og áritaðir skulu lagðir fyrir leikmannastefnu til samþykktar.

Gildistaka.

6. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 58. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Starfsreglur þessa falla úr gildi 31. október 1999.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 13. apríl 1999.

F.h. kirkjuráðs,
Karl Sigurbjörnsson,
biskup Íslands.

REGLUGERÐ

um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva.

I. KAFLI

Markmið og gildissvið o.fl.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið reglugerðar þessarar er að draga úr losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva.

Reglugerðin gildir um vinnutilhögun, búnað, mannvirki og farartæki, önnur en skip, sem eru notuð við áfyllingu, geymslu og flutning á bensíni frá einni birgðastöð til annarrar eða frá birgðastöð til bensínstöðvar.

2. gr.

Orð og orðasambönd.

Í reglugerðinni merkja orð og orðasambönd eftirfarandi:

Atvinnurekstur er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

Áfyllingarbúnaður er aðstaða og búnaður á birgðastöð til að fylla bensín á flutningsgeyma.

Í áfyllingarbúnaði fyrir tankbifreiðar geta verið eitt eða fleiri áfyllingarplön.

Áfyllingarplan er aðstaða og búnaður á birgðastöð þar sem lestun eða losun bensín-flutningatækis fer fram.

Bensín er jarðolíuafleiður, með eða án aukefna og með 27,6 kílópaskala gufuprýsting eða meira (samkvæmt Reid-aðferðinni), sem eru notaðar sem eldsneyti í vélknúin ökutæki, að bútan- og própangasi (LPG) undanskildu.